



Skólabragur

BRAG1SA01

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun haustönn 2018

Kennarar:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), Ásdís Björg Ingvarsdóttir (ABI), Hrefna Clausen (HC), Óskar Jónsson (ÓJ), Ronald B. Guðnason (RBG), Sólveig Sigmarsdóttir (SOS), Sverrir Geir Ingibjartsson (SGI), Ægir Sigurðsson (ÆS), Hafdís Garðarsdóttir (HG) og Sólrún Auður K. (SAK).

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur aðlagist vel nýju skólastigi og skólaumhverfi. Nemendur fá að kynnast þjónustu og úrræðum sem í boði eru – unnið er með hópelfi, námstækni, forvarnir og heilsuefningu. Góð mæting og stundvísi, vinnusemi og vandvirkni eru forsendur þess að góður árangur náist.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- verkefninu heilsuefandi framhaldsskóli
- námskröfum skólans
- aðferðum til að skipuleggja tíma og nám
- uppsetningu námsferils
- leiðum til að takast á við álag í námi og daglegu lífi
- skólaumhverfinu og helstu starfsemi skólans.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að setja sér markmið sem námsmaður og einstaklingur
- að setja saman námsferil
- að skipuleggja sig
- samskiptum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera sjálfbær
- skipuleggja námsferil sinn og ígrunda í samræmi við áhuga og markmið
- öðlast sjálfstraust í nýju skólaumhverfi
- vera meðvitaður um ábyrgð sína og skyldur sem fylgja auknu sjálfstæði
- öðlast sjálfstraust í samskiptum við ólíkar aðstæður.

Námsefni: Efni frá kennara.

Sérreglur áfangans:

Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í allar kennslustundir, þar sem mæting er hluti af námsmati í þessum áfanga. Mentorar munu einnig fylgjast með þátttöku og virkni nemenda. Jákvæðni skilar árangri.

Fyrirkomulag námsmats:

60% Mæting og virkni

40% Vinna með mentorum

VINNUÁÆTLUN BRAGA HAUSTIÐ 2018

Nýnemaönn er stýrt af mentorum og fá hugmyndir yfirmentora að blómstra. Kennarar fá því hlutverk frá þeim.

	ÞRIÐJUDAGAR - BRAGATÍMAR			FUNDIR MEÐ MENTORUM Í MIÐVIKUDAGSGATI
21.ág	Braganemendur eru í fríi í dag þar sem nýnemadagurinn var í gær og það er ígildi bragatímans í dag.		22.ág	Yfirmentorar fara yfir stigakeppni með mentorum og undirbúa kynningu næstu viku.
	Yfirmentorar, mentorar og bragastýra hittast.			Mentorar – kennarar hittast?
28.ág	Mentorar hitta nýnemana. Kynna sig og stigakeppnina. FB hópur stofnaður.		29.ág	Farið yfir dagskrá næstu viku (hópmynd).
	Velja nafn á FB hópinn. Kynna hlutverk nýnema í stjórn NFSU.			
4.sept	Mentorar (allur tíminn). Hópmynd tekin. Foreldrakynning um kvöldið (kl 20 – 22).	Stig	5.sept	Undirbúningur nýnemaferðar (næsta þri).
11.sept	Nýnemaferð.	Stig	12.sept	Telja stigin úr nýnemaferð. Fara yfir verkefni.
18.sept	Kynning á „stóra verkefni“ og unnið út frá því.	Stig	18.sept	Fínþússa verkefnin og ræða skipulag næstu viku.
25.sept	Fyrirlestur	Stig	26.sept	Ræða skipulag og aðkomu kennara.
2.okt	Unnið úr fyrirlestrinum.	Stig	3.okt	Telja stigin. Uppgjör verkefnis.
9.okt	Gögn afhent vegna vals. Farið yfir hjálpargögn, Innu, þrepaskiptingu og fleira.			
	Nota Ara Tannason. Skoða gögn á heimasíðu Fsú.			
16.okt	Nemendur undirbúa sig fyrir áfangamessuna sem er á morgun í salnum.			
23.okt	Valdagur er á morgun. Undirbúningur vegna vals er í dag.			
30.okt	Viðtöl.			
6.nóv	Skimun. Námsráðgjafar, allur tíminn fer í þetta.		7.nóv	Fara yfir þrautir næstu viku.
13.nóv.	Mentorar (allur tíminn). Þrautir í stofu.	Stig	14.nóv	Skipuleggja appelsínuleit næstu viku.
20.nóv	Mentorar (allur tíminn). Appelsínuleit.	Stig	21.nóv	Undirbúningur lokahátíðar.
27.nóv	Lokahátíð í salnum. Mentorar sjá um hana.	Stig	28.nóv	Uppgjör Braga með yfirmentorum og GGR.
4.des	Fundur með kennurum. Uppgjör Braga. Nemendur og mentorar fá frí.		5.des	Tilkynnt í miðvikudagsgati hvaða lið vann.
	Tilkynnt í miðvikudagsgati á morgun hvaða Bragahópur vann stigakeppnina.			

Bleikt er best!

Fagstjóri Braga: Guðbjörg Grímsdóttir